

Nd.

20. Frumvarp til laga

[20. mál]

um breyting á lögum nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

II. kafli laganna orðist svo:

II. KAFLI

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. getur landbúnaðarráðherra heimilað innflutning á djúpfrystu sæði úr nautum af Galloway-kyni, en eingöngu til notkunar í sóttvarnarstöð ríkisins að Bessastöðum á Álftanesi eða annars staðar, ef hentara þykir.

Þessa heimild má landbúnaðarráðherra því aðeins nota að stjórn Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknir og forstöðumaður Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði mæli með innflutningi djúpfrysts sæðis hverju sinni.

12. gr.

Gripir þeir, sem sæði skal flutt úr til Íslands, skulu valdir af ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparékt, enda hafi naut þau, sem hann velur, verið undir opinberu heilbrigðiseftirliti á sæðingarstöð í eitt ár að minnsta kosti. Áður en innflutningur sæðis úr tilteknum nautum er ákveðinn, skal yfirdýralæknir ganga úr skugga um hjá viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum búfjár, að eigi gangi eða hafi gengið næstliðið ár á viðkomandi sæðingarstöð eða í héraði því, sem hún er í, neinir þeir smitsjúkdómar, sem ætla má að horizt gætu til landsins með sæðisflutningum.

13. gr.

Landbúnaðarráðherra skal láta setja á stofn og starfrækja sóttvarnarstöð á Bessastöðum á Álftanesi eða annars staðar, ef hentara þykir. Skal ráða sérstakan umsjónarmann til þess að sjá um framkvæmdir og daglegan rekstur hennar. Þar skal hafa í öruggri vörzlu þá nautgripi innlenda, sem sæða á með innfluttu sæði til kynblöndunar, sem og afkvæmi þeirra. Í því skyni skal landbúnaðarráðherra útvega hæfilega marga valda gripi að fengnum tillögum ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í nautgriparékt.

Áður en hinir íslensku gripir eru fluttir í sóttvarnarstöðina, skulu umsjónarmaður stöðvarinnar og yfirdýralæknir ganga úr skugga um, að gripirnir séu eigi grunaðir um eða haldnir smitsjúkdómum.

Hlíta skal tillögum yfirdýralæknis um gerð og tilhögun girðinga, bygginga og annarra nauðsynlegra mannvirkja og útbúnaðar í sóttvarnarstöðinni, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands. Allur kostnaður við stofnun sóttvarnarstöðvar, rekstur hennar, nauðsynlegar rannsóknir, kaup og flutning á gripum, sæði, útbúnaði o. s. frv. greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Umsjónarmaður sóttvarnarstöðvar skal ráðinn af landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum yfirdýralæknis. Umsjónarmaður skal vera dýralæknir, er hafi sérstaka þjálfun í búfjársæðingum og sóttvörnum. Hann skal sjá um og vera ábyrgur fyrir því, að öllum fyrirmælum um einangrun búfjár á sóttvarnarstöðinni sé fylgt í hviðvetna og að öll starfsemi á stöðinni fari í öllu fram samkvæmt lögum þessum og þeim reglum og fyrirmælum, sem um það verða gefin. Hann skal fylgjast reglulega með heilbrigði gripa á sóttvarnarstöðinni og annast sæðingu þeirra. Umsjónarmanni er óheimilt að stunda lækningar dýra utan sóttvarnarstöðvarinnar.

Með sérstöku erindisbréfi skal kveða nánar á um störf og skyldur umsjónarmanns sóttvarnarstöðvarinnar.

15. gr.

Í sóttvarnarstöð ríkisins skal hreinrækta holdanautastofn með siendurtekinni notkun djúpfrysts sæðis, sem flutt hefur verið inn úr Galloway-nautum, í íslenskar kýr og afkvæmi þeirra. Kynblöndun þessi skal gerð samkvæmt áætlun, er landbúnaðarráðherra setur samkvæmt tillögum nautgriparæktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands, sem hefur yfirumsjón með ræktuninni.

Landbúnaðarráðherra er heimilt í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralækni að kaupa íslenska nautgripa og flytja í sóttvarnarstöðina eftir að hún er tekin til starfa, ef brýna nauðsyn ber til að auka eða endurnýja hinn upphaflega stofn, enda sé ýrustu varúðarreglum fylgt um, að gripirnir séu eigi haldnir smitsjúkdómum.

16. gr.

Þau naut erlend, sem velja skal úr djúpfryst sæði til innflutnings, skulu hafa verið á sæðingarstöð undir opinberu heilbrigðiseftirliti eigi skemur en eitt ár samfellt. Eigi má flytja til landsins sæði úr öðrum nautum en þeim, sem sýnt hafa mikla frjósemi, eru heilbrigð og laus við smitsjúkdóma að dómi heilbrigðisyfirvalda þar í landi. Til frekari fullvissu skulu nautin skoðuð af íslenskum dýralækni. Enn fremur skulu nautin hafa sýnt neikvæða útkomu við sjúkdómsgreiningarpróf gerð samkvæmt nánari skriflegri fyrirsögn yfirdýralæknis hverju sinni. Skal vottorð um slíkar prófanir fylgja sæðissendingum til landsins. Þess skal vandlega gætt við flutning og geymslu á innfluttu sæði, að eigi stafi smithætta af umbúðum eða útbúnaði.

Leitast skal við að flytja sem mest magn af nautasæði í einu til landsins, helzt svo, að það endist í áætlaða kynblöndun gripa í sóttvarnarstöðinni.

Umsjónarmaður sóttvarnarstöðvar eða fulltrúi hans skal hafa umsjón með sæðistöku erlendis, meðhöndlun þess, pökkun, merkingu og geymslu, svo að tryggt sé, að engin mistök eigi sér stað.

17. gr.

Að fengnum tillögum yfirdýralæknis setur landbúnaðarráðherra reglugerð um daglegan rekstur sóttvarnarstöðvarinnar. Þar skulu vera glögg ákvæði um, hvaða afurðir megi flytja frá sóttvarnarstöðinni og í hvaða ástandi, enn fremur hvernig samgöngum við stöðina skuli hagað, hvernig úrgangi og áburði skuli ráðstafað og hvaða varúðarráðstafanir skulu gerðar til þess að hindra, að smitsjúkdómar berist frá stöðinni eða inn í hana o. s. frv.

18. gr.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í búfé á sóttvarnarstöð ríkisins, sem óþekktur er hér á landi, skal gera hverjar þær ráðstafanir, sem þurfa þykir til að hefta útbreiðslu hans, m. a. fella búfé stöðvarinnar, ef nauðsyn krefur, og stöðva dreifingu á sæði þaðan.

19. gr.

Aldrei má flytja búfé úr sóttvarnarstöð ríkisins, og girða skal tryggilega fyrir það, að það hafi nokkurn samgang við búfé utan hennar.

Eigi er heimilt að flytja sæði úr nautum sóttvarnarstöðvarinnar til notkunar utan hennar fyrr en 3 árum eftir að fyrst voru sæddir gripir í henni með innfluttu sæði, enda hafi ekki komið fram neinn hættulegur smitsjúkdómur í nautgripum stöðvarinnar eða grunur um slíkan sjúkdóm.

Heimilt er að geyma djúpfryst sæði úr nautum sóttvarnarstöðvarinnar utan hennar að fengnu samþykki og eftir fyrirsögn yfirdýralæknis.

Umsjónarmaður sóttvarnarstöðvar skal safna sæði úr nautum sóttvarnarstöðvarinnar, djúpfrysta það, merkja og geyma, sem og sjá um flutning á því úr stöðinni samkvæmt reglum, sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum yfirdýralæknis og nautgriparæktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands.

Um dreifingu sæðis skal fara samkvæmt ákvæðum búfjárræktarlaga.
Landbúnaðarráðherra skal láta koma upp aðstöðu utan sóttvarnarstöðvarinnar til kynblöndunar nautgripa með notkun sæðis úr nautum í stöðinni.

20. gr.

Nú er eigi talin þörf á frekari notkun innflutts sæðis úr Galloway-nautum í sóttvarnarstöðinni, að mati ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt, og er landbúnaðarráðherra þá rétt að leggja starfsemi sóttvarnarstöðvarinnar niður. Skal þá eytt öllu innfluttu sæði, sem þar kann að vera geymt, og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja, að eigi dreifist smitsjúkdómar frá sóttvarnarstöðinni, eftir að starfsemi hennar er hætt. Gripi stöðvarinnar má því aðeins flytja burt þaðan lifandi, að eigi hafi verið notað innflutt sæði síðastliðin tvö ár í stöðinni og að tryggt sé talið, að dómi yfirdýralæknis, að slíkum flutningi fylgi ekki smithætta.

Um ráðstöfun gripanna skal hlíta fyrirmælum yfirdýralæknis og nautgriparæktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 9. október 1969 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd þriggja manna til að endurskoða lög nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár, með hliðsjón af því, að djúpfrysting sæðis var þá fyrirhuguð hér á landi og er nú djúpfrysting sæðis hafin hérlendis, eins og kunnugt er. Í nefndinni áttu sæti Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir, Guðmundur Jónsson, skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri og Ólafur E. Stefánsson, ráðunautur, og hefur nefndin samið frumvarp þetta. Einnig lét nefndin fylgja frumvarpinu greinargerð þá, sem hér fer á eftir:

Greinargerð.

Undirritaðir hafa með bréfi landbúnaðarráðherra frá 9. okt. 1969 verið kvaddir til þess að endurskoða lög um innflutning búfjár, nr. 74 28. apríl 1962, „með hliðsjón af breyttum aðstæðum frá því lögin voru sett, sérstaklega með tilkomu stöðvar til að djúpfrysta sæði, sem unnið er að að koma upp hérlendis“, eins og segir í bréfinu.

Jafnframt mun hafa verið höfð í huga sú reynsla, sem fengizt hefur hin síðari ár af því að senda djúpfryst nautasæði milli landa í allstórum stíl.

Rétt er að minnst þess, að með nautasæði, eigi hvað sízt djúpfrystu, geta hæglega borizt ýmsir smitsjúkdómar, eins og mörg dæmi sanna. Því er ýtrustu varfærni og varúðar þörf við innflutning sæðis, þó að mönnum hafi smám saman tekizt að sneiða hjá eða girða fyrir ýmsar hættur í því sambandi. Stafar það fyrst og fremst af því, að nú eru tók á því með djúpfrystingu að geyma sæðið mjög lengi, árum saman, og því gefst nægur tími til að kanna til hlítar heilbrigði þeirra nauta, sem nota á sæði úr, og fylgjast með þeim mánuðum eða árum saman á undan og eftir sæðistöku. Oft er notað sæði, sem geymt er úr nautum, sem búið er að fella og gera á krufningu, og aðrar nauðsynlegar rannsóknir, til að ganga úr skugga um heilbrigði þeirra og þá um leið sæðis úr þeim. Líkurnar fyrir því, að hægt sé að sneiða hjá því, að sjúkdómar berist með djúpfrystu sæði, eru því ólíkt meiri nú heldur en áður var, þegar nota þurfti sæðið ferskt eða fáum dögum eftir, að það var tekið.

Við teljum, að samkvæmt orðalagi bréfs landbúnaðarráðuneytisins frá 9. okt. 1969 sé til þess ætlazt, að nefndin fjalli eingöngu um innflutning á sæði úr Galloway-

nautum. Í samræmi við það álit höfum við eingöngu tekið til endurskoðunar II. kafla laganna.

Helztu efnisbreytingar, sem við leggjum til, að gerðar verði á II. kafla, koma fram í eftirfarandi ásamt öðrum breytingum:

Við síðustu endurskoðun laganna 1961 mun það hafa ráðið um staðarval, að stofnkostnaður yrði lægri, ef einangrunarstöðinni yrði komið upp á ríkisjörð, þar sem húsakostur væri að miklu leyti fyrir hendi, enda þótt kostnaðarsamra breytinga væri þörf. Jafnframt mun hafa verið haft í huga, að staðurinn væri heppilegur með tilliti til einangrunar, samgangna og annarra nauðsynlegra þæginda svo sem rafmagns- og vatnslagna. Nefndin hefur haldið þessu ákvæði óbreyttu að öðru leyti en því, að nú er heimilað að velja annan stað, ef hentara þykir, enda skal farið eftir tillögum yfirdýralæknis um alla mannvirkjagerð og útbúnað á stöðinni í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Nefndin telur í fullu gildi þá niðurstöðu, sem komizt var að við síðustu endurskoðun laganna, að velja eigi Galloway-kynið fram yfir önnur kyn til innflutnings til kjötfrauleiðslu af einblendingum. Einblendingar undan nautum af hinu blandaða, innlenda Galloway-kyni og íslenzkum kúm, líkjast mun meir Galloway-blendingunum en hinu íslenzka kyni. Þeir hafa reynzt þyngri, hafa meiri vöðva og eru harðgerðir og óvandætnir. Í heimalandi sínu er Galloway-kynið í vaxandi áliti, og sum ár að undanfögnu hefur bezta fallið verið af Galloway-grip á hinni árlegu Smithfield-sýningu í London. Þá eru nú innan kynsins gripir, sem náð hafa bráðari þroska en áður var. Þykir því rétt að taka Galloway-kynið fram yfir önnur, sem íslenzkir bændur hafa enga reynslu af til einblendingsræktar.

Lagt er til, að eingöngu verði leyft að flytja inn djúpfryst sæði og eingöngu til notkunar í gripi, sem geymdir verði ævilangt á sóttvarnarstöð ríkisins. Er þessi breyting gerð vegna þess, að með notkun djúpfrysts sæðis eingöngu skapast allt aðrir möguleikar en áður til að kanna til hlítar heilbrigði nauta þeirra, sem sæði er tekjð úr, eins og áður er getið. Auk þess er oft hægt að gera sér fyllri grein en áður fyrir erfðahreysti gripanna og hvern árangur notkun sæðis úr þeim hefur borið í heimalandinu. Teljum við, að með því að leyfa eingöngu innflutning á djúpfrystu sæði úr reyndum nautum fáist aukið öryggi, frekar takist að sneiða hjá smitsjúkdómum og erfðagöllum og auðveldara sé að velja óaðfínanleg kynbótanaut.

Lagt er til, að ráðherra sé því aðeins heimilt að láta flytja inn sæði, að þrír nánar tilgreindir aðilar séu því meðmæltir (11. gr.). Er hér um verulega breytingu að ræða frá því, sem verið hefur, þar sem ákvörðun um innflutning sæðis var í raun eingöngu lögð á herðar yfirdýralæknis. Ef illa tekst til um innflutning sæðis, geta afleiðingarnar orðið mjög örlagaríkar. Er því eðlilegt, að fyrir liggja álit og meðmæli þeirra sérfróðu aðila, sem helzt hafa aðstöðu til að meta áhættu þá, sem innflutningi á djúpfrystu sæði fylgir, áður en ráðizt er í innflutning sæðis.

Eftir að rekstur sæðingarstöðva í nágrannalöndum okkar komst á fastan rekspöl, hefur heilbrigðiseftirlit með nautum á þessum stöðvum yfirleitt verið mun ýtarlegra en áður þekktist með þarfanaut.

Teljum við því rétt að binda kaup á djúpfrystu sæði erlendis eingöngu við naut, sem geymd hafa verið á sæðingarstöðvum tiltekinn tíma samfellt undir opinberu heilbrigðiseftirliti, og er hér nokkur breyting frá ákvæðum núgildandi laga.

Sóttvarnarstöð sú, sem gert er ráð fyrir, að komið verði á fót, er hugsuð sem öryggisráðstöfun fyrst og fremst, þannig að ef illa tekst til, og sjúkdómur komi þar upp, ætti að vera unnt að hefta útbreiðslu og ráða niðurlögum hans þar. Eru um þetta sérstök ákvæði (18. gr.).

Með því að kaupa og flytja inn sem mest af djúpfrystu sæði í einu og geyma það djúpfryst á sóttvarnarstöðinni, er unnt að forðast síendurtekinn innflutning á sæði og þær hættur, sem því fylgja. Þetta teljum við mikilvægt (16. gr.).

Við teljum, að rétt sé þegar í upphafi að gera sér grein fyrir því, að stofn- og rekstrarkostnaður sóttvarnarstöðvar verður mikill.

Ef gert er t. d. ráð fyrir, að starfsemi verði hafin með 12 völdum kúm íslenzkum og afkvæmi öll látin lifa fyrsta kastið a. m. k., verða að fjórum árum liðnum á stöðinni um 60 gripir, þar af nálægt 50 þeirra Galloway-blendingar þriggja ára og yngri. Þar sem vart verður hjá því komizt að hýsa gripi þessa reglulega, svo að þeir verði mannvánir og viðráðanlegir í daglegri umgengni, mun umhirða og fóðrun svo margra gripa kosta töluverða vinnu. Þar við bætist svo vinna við heilbrigðis-
eftirlit, sæðistöku o. s. frv.

Þó ekki sé gert ráð fyrir, að fjöldi gripa verði að jafnaði yfir 60, er fram í sækir, er ljóst, að kostnaður við rekstur stöðvarinnar verður mjög verulegur. Tekjur munu hins vegar verða takmarkaðar og byggjast eingöngu á sölu kjöts og sæðis, og ekki er hægt að gera ráð fyrir neinum tekjum fyrstu árin.

Með þeirri kynblöndun, sem gert er ráð fyrir á sóttvarnarstöðinni, fást, ef allt gengur samkvæmt áætlun, allkynhreinir Galloway-gripir eftir 10—12 ár.

Sæði til notkunar innanlands utan sóttvarnarstöðvarinnar ætti að fást eftir þrjú ár úr hálfblóðs Galloway-nautum. Síðan ætti að fást sæði úr nautum, sem með hverjum ættlið bæru sterkari svip Galloway-kynsins. Má þá safna og djúpfrysta sæði úr þeim til innanlandsnotkunar, eins og nauðsynlegt verður talið.

Sumir húfróðir menn hafa undanfarin ár talið verulegan fjárhagslegan ávinning af því, ef til væri hreinn holdanautastofn í landinu til þess, að unnt sé að fá kjötmeiri sláturgripi við einblendingsrækt. Áskoranir Búnaðarþings og bændasamtaka hniga í sömu átt. Ekki skal hér rætt, hve raunhæft mat þetta er, og hvort réttlætandi sé að hefjast handa um kostnaðarsaman innflutning nautasæðis með þeim áhættum að vissu marki, sem slíkum innflutningi fylgir ávallt, hvernig sem um er búið, enda teljum við það ekki í verkahring nefndarinnar. Mestu máli skiptir, að horft sé með raunsæi á mál þetta, gömul áföll í sambandi við innflutning falli ekki í gleymsku, og innflutningur sé einskorðaður við það nautakyn, sem nokkur reynsla er af hér á landi, Galloway-kynið.

Ýmsir álíta, að heppilegra gæti verið að velja annað erlent nautgripakyn til kynblöndunar við íslenska nautgripi en Galloway-kynið. Það getur verið álitamál, sem ekki eru tók á að ræða nánar. Á það skal þó bent, að ef fylgja á því fyrirkomulagi við kynblöndun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og þeim varúðarráðstöfunum, sem þar eru taldar nauðsynlegar, verður innflutningur á mörgum mismunandi kynjum mjög kostnaðarsamur. Hver slíkur innflutningur hefði ámóta útgjöld í för með sér og sá, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Páll A. Pálsson. Ólafur E. Stefánsson.
Guðm. Jónsson.